

## Mál nr. 38/2023: Frumvarp til laga um þjónustustofnun á sviði menntamála

Umsögn frá Kristínu Jónsdóttur, kennslukonu og forseta Deildar kennslu- og menntunarfræða við Háskóla Íslands

Frumvarpið um stofnun X er til marks um að endurskipulagning skólakerfisins er á fullri ferð. Á heildina litið er frumvarpið þrýðilegt. Hér á eftir fara nokkrar ábendingar um hvað betur má fara.

### Markmið starfseminnar

Markmið með starfsemi stofnunar og verkefni hennar þurfa að kallast á. Í 2. grein um markmið með starfsemi X ætti að nefna *menntun* til viðbótar við þroska, líðan og farsæld barna í skólum. Stuðningur við menntun er viðamikill á verkefnalistanum í 5. grein. Stofnunin fær m.a. þau verkefni að sjá um námsgögn (5), gæðaviðmið og matstæki (6) og á að efla menntun og skólastarf í samræmi við bestu þekkingu (1) með ráðgjöf, námskeiðum og fleiru. Stuðningurinn beinist því að menntun og námi allra barna og er við kennslu allra kennara, en einnig að þeim sem þurfa á sérstökum úrræðum að halda jafnvel með beinni þátttöku stofnunarinnar eða framkvæmd skólaþjónustu eins og það er orðað.

Því legg ég til að við 2. grein um 1. markmið starfseminnar verði bætt menntun, til að draga fram fjögur lykilhugtök í starfsemi stofnunarinnar. Þetta mætti orða svona:

1. Að styðja við menntun, líðan, þroska og farsæld barna í skólum.

Skv. 4. lið í markmiðsgreininni á stofnunin að vera þrennt í senn, faglegt forystuafli, bakhjarl og stuðningur við að viðurkenndum aðferðum sé beitt í skólastarfi. Hér mætti beina kröftum að því að stofnunin taki þátt í þróun viðurkenndra aðferða, vinnulags, námsefnis og fleira sem nýtist starfsfólki í skólum, tómstundastarfi og foreldrum. Það myndi kallast á við verkefni stofnunarinnar í skólaþróun og rannsóknnum og mætti orða svona:

4. Að styðja við notkun viðurkenndra aðferða í skólastarfi og skólaþjónustu og taka þátt í þróun þeirra.

### Verkefnalistinn

Í 5. grein er bitastæður verkefnalisti og langur. Síðasta lið lýkur á “eftir því sem unnt er”. Hér er mættur hefðbundinn fyrirvari þegar verkefni eru orðin mjög umfangsmikil. Æskilegra væri að draga fram þátttöku í samstarfi og orða 11. lið til dæmis svona:

11. taka þátt í rannsóknnum á sviði menntunar, skólastarfs og skólaþjónustu.

## Hvar eru kennarar?

Áhersla er á samvinnu stofnunar X við marga aðila, sveitarfélög, samtök og stjórnvöld. Börn og ungmenni eru nefnd nokkrum sinnum í frumvarpinu og foreldrar eru nefndir einu sinni. En í frumvarpinu og meðfylgjandi greinargerð eru kennarar aldrei nefndir. Eingöngu er talað um starfsfólk skóla. Það hugtak er mjög vítt og lyftir hvorki fram sérfræðipækkingu kennara né faglegri ábyrgð á skólastarfinu. Að nefna þá ekki ber líka merkingu.

Ég tel víst að kennarar muni gegna lykilhlutverki í að markmið stofnunarinnar nái fram að ganga og starfsemin verði til góðs og gagns fyrir börn og ungmenni, fjölskyldur þeirra og skólasamfélagið allt. Samvinna við kennara er því lykilatriði og rétt að nefna það í frumvarpinu.

Með ósk um gott gengi stofnunar X,  
Kristín